

## Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um skatta og gjöld á farartæki.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hvaða skattar og gjöld, álögd ár hvert frá árinu 2015, hafa verið lögð á bifreiðar, eldsneyti eða annað sem snýr að farartækjum og sérstaklega er getið um að sé lagt á vegna framkvæmda í samgöngumálum?
2. Hver eru heildarfjárframlög til samgöngumála frá árinu 2015, sundurliðað eftir árum?

### Skriflegt svar óskast.

#### Greinargerð.

Fyrirspurnin er lögð fram í ljósi þeirrar gagnrýni sem hefur ítrekað heyrst að skattar sem lagðir eru á eldsneyti og farartæki og eyrnamerkir til umbóta í samgöngumálum skili sér ekki í málaflokkinn. Fyrirspyrjandi telur að þeir hafi þvert á móti gert það og gott betur.